

**Tillögur að breytingum  
á frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003,  
með síðari breytingum, sbr. þingskjal 326 og 290 mál.**

1. brtt.

5. gr. frumvarpsins fellur niður.

2. brtt.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. frumvarpsins:

a. Í stað orðanna „í janúar á næsta ári“ í 4. málsl. b. liðar kemur: í næsta mánuði.

b. Í stað orðanna „í janúar á næsta ári“ í 7. málsl. b. liðar kemur: í næsta mánuði.

3. brtt.

11. gr. frumvarpsins fellur niður.

4. brtt.

12. gr. frumvarpsins orðast svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Siglufjarðarkaupstað“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: Fjallabyggð.

b. Í stað orðsins „Ólafsfjarðarkaupstað“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: Langesbyggð.

c. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra er einnig heimilt að flytja einstök verkefni á milli skattumdæma.

5. brtt.

Á eftir 14. gr. frumvarpsins kemur svohljóðandi breyting:

Við lögum bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir að lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falli úr gildi 1. janúar 2008 skal fara fram álagning tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna alþjóðlegra viðskiptafélaga á árinu 2007.

*Athugasemdir við breytingartillöguna*

Í 1. brtt. er lagt til að 5. gr. frumvarpsins er breytir 1. mgr. 59. gr. laganna verði felld niður. Komið hefur í ljós að breyting, sem þessi þarfnist betri skoðunar og undirbúnings, þannig þurfi að huga að ýtarlegri ákvæðum í lögum og skoða með tilliti til þarfa á breytingum á tölvukerfum skattkerfisins.

Lagt er til nýtt orðalag í 2. brtt. svo ná megi þeim markmiðum sem stefnt er að með breytingu á 5. tölul. 73. gr. laganna að miða við vísitölu í næsta mánuði eftir lok reikningsárs þegar áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól er bætt við áhættufjármuni og langtímakröfur sem taldar eru til eignar á nafnverði.

Til samræmingar við 1. brtt. er lagt til í 3. brtt. að 11. gr. frumvarpsins er breytir 78. gr. laganna verði felld niður.

Með 4. brtt. er í a. og b. lið lögð til breyting í samræmi við auglýsingu fjármálaráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2006, um ákvörðun skattumdæma vegna sameininga

sveitarfélaga í þeim tilvikum þegar hún hefur verið þvert á skattumdæmi. Siglufjarðarkaupstaður og Ólafsfjarðarkaupstaður sameinuðust í nýtt sveitarfélag, Fjallabyggð sem fellur undir Norðurlandsumdæmi vestra og Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðarhreppur sameinuðust í nýtt sveitarfélag, Langanesbyggð sem fellur undir Norðurlandsumdæmi eystra.

C. liður 4. brtt. er óbreyttur frá frumvarpstextanum. Markmiðið með þeirri breytingu sem þar er lögð til er að auka svigrúm fjármálaráðherra til að flytja einstök verkefna milli skattumdæma, m.a. í því skyni að nýta mannafla skattkerfisins með sem virkustum hætti á hverjum tíma.

Þar sem lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög falla úr gildi 1. janúar 2008 er með 5. brtt. lagt til að þrátt fyrir það verði unnt að leggja tekjuskatt á félögin á árinu 2008 vegna rekstrartekna þeirra á árinu 2007.